



Alþingi
b/t Velferðarnefnd

Reykjavík 9. desember 2020

Efni: Umsögn við frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga og fl.

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) fagnar meginefni frumvarpsins sem felst í því að koma til móts við íþróttahreyfinguna vegna íþyngjandi launakostnaðar á tímum Covid.

HSÍ vil þó koma á framfæri þeirri athugasemd að frumvarpið er einskorðað við skilgreiningu á launamanni eins og þeir eru skilgreindir skv. 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. [45/1987](#).

Starfsmenn íþróttafélaga innan HSÍ eru ýmist launþegar eða verktakar. Segja má að um 80-85% af öllum starfsmönnum íþróttafélaga fá greitt sem verktakar. Skýringin á því er sú að störf hjá íþróttafélögum er hlutastarf t.d. þjálfarar í yngri flokkum sem jafngildir 10% -20% starfshlutfalli. Starfsmenn eru í flest öllum tilfellum í fullu starfi hjá öðrum vinnuveitendum og greiðslur til hvers og eins vegna hlutastarfa eru því ekki háar.

Til að fyrirbyggja misskilning skal það tekið fram að allar greiðslur eru gefnar upp til skatts svo málið getur ekki snúist um skil á skattgreiðslum.

Með því að einskorða endurgreiðslur við launþega þá er hætt á að misræmi verði í endurgreiðslum til íþróttafélaga. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um endurgreiðslur gagnvart öllum félögum og innbyrðis inni í félögum svo að tryggt sé að allir fái jafnar greiðslur. Sú hugmynd að styrkir komi í gegnum önnur úrræði tryggir ekki jafnræði og óvíst er hvort unnt er að áætla tekjutap íþróttafélaga svo nákvæmlega að allir verði jafnir.

Þess er óskað að nefndin taki tillit til þessara athugasemda og frumvarpinu breytt með þeim hætti að lögin nái einnig til þeirra sem fá greitt sem verktakar.

Þá vill HSÍ þakka þingmönnum fyrir þann skilning og einhug sem þeir hafa sýnt ekki bara HSÍ heldur allri íþróttahreyfingunni við þessar sérstöku aðstæður.

Virðingarfyllst,



Guðmundur B. Ólafsson, formaður.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

